

Gresgying Smart Wallbox

22 kW AC hleðslustöð

Hleðslustöð fyrir heimili, sumarhús og fyrirtæki
Einföld og ódýr hleðslustöð sem hentar fyrir hleðslu eins bíls við heimili, minni fyrirtæki og sumarbústaði en ekki fyrir stærri kerfi t.d. í fjölbýlishús.

GRESGYING

Gresgying er öflugur kínverskur framleiðandi bæði AC hleðslustöðva fyrir heimili, fyrirtæki og sumarhús og öflugra DC hraðhleðslustöðva fyrir fyrirtæki og rekstraraðila hraðhleðsluneta.

Góð reynsla á Íslandi en 22 kW AC Wallbox stöðvamar og einnig hraðhleðslustöðvar í stærðum 60 kW, 120 kW og 180 kW hafa verið í notkun á Íslandi frá því snemma árs 2023.

VERÐLISTI

3ja fasa hleðslustöðvar	Verð með vsk
Hleðslustöð með 5 m áföstum kapli GRACSWBOX5	79.900 kr.
Hleðslustöð með 7 m áföstum kapli GRACSWBOX7	84.900 kr.
Hleðslustöð með 10 m áföstum kapli	99.900 kr.
Annar hleðslubúnaður:	
Hleðslukapall 22 kW Type2-Type2, 7,5 m, IP54	31.900 kr.
Hleðslukapall 22 kW Type2-Type2, 10 m, IP54	39.900 kr.
Ferðahleðslutæki 3,5 kW, 6,8 eða 10 amper, 7 m, IP66	38.900 kr.

Sendum um allt land

TÆKNILÝSING HLEÐSLUSTÖÐVA

Hámark afköst hleðslustöðvar	22 kW á þremur fösnum 7.4 kW á einum fasa (eða skv. hleðslustýringu bílsins)
Straumflutningsafköst kapals	32 amper, 3 fasar
Gerð og fjöldi tengja	1x Type 2
Fyrir hreina rafbíla og tengiltvinn	Já/Já
Netsamskipti	Wifi/4G
Net samskiptastaðall	OCPP 1.6J
B-lekaliði (DC vörn 6mA)	Já
Kapallengd	5 m - 7 m - 10 m
Stærð (lengd, dýpt, hæð)	45 mm x 260 mm x 230 mm
Nettó þyngd	6 kg
Litur	Svartur
Ryk-, vatsnvörn	IP55
Hitapól	Mínus 30 til plús 50 gráður
Aðgangsstýring	Opin stöð eða tengd við app / hleðslulykil
e1 app aðgangsstýring möguleg	Já, með e1 appinu er hægt að taka við greiðslu
Ábyrgð á hleðslustöð	2 ár frá kaupdegi*

Íslensk bílorka

- Hreyfiafl orkuskipta

Íslensk bílorka er hreyfiafl orkuskipta með það að markmiði að styrkja hleðsluinnviði fyrir rafbíla á Íslandi. Íslensk bílorka sérhæfir sig í hleðslustöðvum og uppsetningu þeirra til að hraða orkuskiptum á Íslandi og er hluti af Brimborgar samsteypunni.

Hleðslukaplar: Hleðslukaplar til að vera með í skottinu sem henta til að tengja sig við AC stöðvar sem eru án kapla t.d. við veitingastaði, verslanir, gististaði, tjaldstæði eða heima ef stöðin er án kapals. Kaplarnir eru í tveimur lengdum, 7,5 metrar og 10 metrar.

Ferðahleðslutæki: Tækið er með Suko tengli og má setja í samband við 16 ampera innstungu og hentar að hafa í bilnum þar sem ekki er í boði hleðsla með öðrum öflugri stöðvum. Hleðslugetan er stillanleg að 6, 8 eða 10 amperum.

HLEÐSLUSTÖÐVAR - UPPSETNINGARKOSTNAÐUR

Rafbox ehf býður uppsetningu fyrir fast verð 99.900 kr. með virðisaukaskatti.

Fjármögnun á hleðslustöð og uppsetningu er hægt að bæta við fjármögnun bílsins. Í langtímaleigu er hægt að bæta hleðslustöð og uppsetningu við leiguverð.

Innifalið:

- Akstur á staðinn á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri
Nágrannasveitarfélög við höfuðborgarsvæðið (allt að klst akstur frá höfuðborgarsvæðinu) kostar aukalega 30.000 kr. með vsk
- Uppsetning og tenging varnarbúnaðar í rafmagnstöflu (lekaliðasjálvvar 3x32A)
- Borun í gegnum einn vegg
- Allt að 10 metra lagnaleið (með 5x4q eða 5x6q streng)
- Uppsetning hleðslustöðvar á vegg
- Kennsla á búnað
- Lokaúttekt og tilkynning til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar
- Allt efni, kaplar, rör og smáefni sem jafnan þarf til að framkvæma verkið

Ekki innifalið:

- Jarðvegsvinna
- Breyting á rafmagnstöflu ef þörf krefur (t.d. breyting í þrífasa)
- Lagnaefni umfram 10 metra lagnaleið
- Uppsetningar hleðslustöðvar í fjölbýlishús

Mikilvægt er að töflubúnaður þar sem setja á upp stöðina standist lágmarkskröfur áður en hafist er handa. Komi í ljós við skoðun uppsetningaraðila að aðstæður á uppsetningarstað kalli á viðbótarkostnað verður kaupanda gerð grein fyrir því áður en lengra er haldið og hvort kaupandi vilji halda áfram með verkið og greiða fyrir viðbótartvinnu og efni.

UPPSETNING OG GREIÐSLA

Þegar kaupandi hefur keypt stöð og óskar jafnframt eftir uppsetningu þá er stofnuð beiðni fyrir uppsetningu sem söluráðgjafi sendir á Rafbox með nafni, heimilisfangi, símanúmeri og netfangi kaupanda hleðslustöðvar. Í kjölfarið hefur Rafbox samband við kaupanda og ræðir við hann tímasetningu uppsetningar sem reikna má með að geti tekið allt að 2 vikur frá pöntun.

Uppgjör vegna uppsetningar fer fram beint við Rafbox nema hún sé hluti af fjármögnun. Ef skoðun á aðstæðum hjá kaupanda leiðir í ljós mögulegan viðbótarkostnað vegna uppsetningar þá er kaupanda gerð grein fyrir því, hann ákveður hvort haldið verður áfram með verkið og kaupandi greiðir viðbótarkostnað beint til Rafbox.

* Íslensk bílorka áskilur sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Kaupverð er með virðisaukaskatti nema annað sé tekið fram. *Ábyrgð: Kaupandi hefur rétt samkvæmt íslenskum lögum til að bera fram kvörtun um galla í allt að 2 ár frá kaupdegi. Söluráðgjafar veita nánari upplýsingar um tæknilega getu og ábyrgðarskilmála.

Íslensk bílorka Bildshöfða 6, sími 515 7800.